

boenda
FERÐIR

TALLINN MARAÐON



6. – 10. september 2019
Fararstjórn: Sævar Skaptason



Finnland | Eistland

Ferðalýsing

Skemmtileg hlaupahátíð með öllum vegalengdum í heillandi borg. Tallinn maraþonið stimplaði sig inn sem **stærsti íþróttaviðburður Eistlands** árið 2018 þar sem 23.940 hlauparar tóku þátt í hlaupahátíðinni. Á síðasta ári tóku **5000 erlendir hlauparar** frá 67 þjóðlöndum þátt. **Tallinn í Eistlandi** er einstaklega heillandi borg sem lætur engan sem þangað kemur ósnortinn. Borgin er ein best varðveitta **miðaldaborg í Norður-Evrópu** þar sem söfn, dómkirkjur, borgarhlið, borgarveggir, klaustur og hallir segja sína sögu frá fyrri öldum. En þrátt fyrir ríkan miðaldablæ býður borgin upp á líflega miðborgarstemningu með nýttiskulegum verslunarhúsum, forvitnilegum litlum verslunum í gamla bænum og úrval af börum og veitingahúsum. Flogið verður til **Helsinki** og farið í stutta skoðunarferð um borgina áður en tekin er ferja yfir til Tallinn þar sem gist verður miðsvæðis í borginni í 4 nætur. Boðið er upp á **10 km hlaup** á laugardeginum 7. september en **maraðon** í fullri lengd og **hálfmaraðon** á sunnudeginum 8. september. Á sunnudagskvöldið fer hópurinn saman út að borða og fagnar sigrum helgarinnar.

5 dagar | 4 nætur í Eistlandi



Maraðonið 8. september

Tallinn maraþonið er fjölmennasti hlaupaviðburðurinn sem haldin er á Eystrasaltslöndunum með 24 þúsund þátttakendum. Boðið er upp á 10 km hlaup á laugardaginn 7. september en maraðon í fullri lengd og hálfmaraðon á sunnudeginum 8. september. Tallinn hlaupahátíðin var fyrst haldin árið 2000 og árið 2010 var í fyrsta sinn hægt að hlaupa heilt maraðon. Á síðasta ári tóku 5000 erlendir hlauparar frá 67 þjóðlöndum þátt.

Maraðonleiðin er eftir alþjóðlegum stöðlum og er tiltölulega flöt og auðfarin. Meðalhiti á þessum árstíma er 10-15°C. Hlaupið hefst í Rotermann Quarter í miðbæ Tallinn, milli gamla miðbæjarins og hafnarinnar. Þetta svæði var áður verksmiðjuhverfi í niðurníðslu en einkennist nú af nútíma arkitektúr. Hverfið er gott dæmi um þær breytingar sem hafa átt sér stað á borginni síðasta áratuginn. Hlaupið verður í gegnum stóran hluta borgarinnar og meðfram sjónum en marga áhugaverða staði mun bera fyrir augu á þeirri leið. Þar má t.d. nefna borgarmúrana, ráðhúsið, Estonian Open Air byggðasafnið sem má líkja við Árbæjarsafnið, litríku tréhúsin við Kalamaja, Blatic station markaðinn, Kalamaja garðinn, Partarei virkið, rússnesku menningarmiðstöðina og borgarhliðið Viru.



Tallinn

Þessi fallega og rómantíska borg er um 800 ára gömul, með þröngum steinlögðum götum og byggingum allt frá 11. öld. Tallinn er ein best varðveitta miðaldaborg í Norður-Evrópu og er á heimslista UNESCO en þrátt fyrir ríkan miðaldablæ hennar er hún einnig með alþjóðlegt yfirbragð, enda hefur borgin tekið miklum breytingum á síðustu árum. Þessi 400.000 manna borg hefur upp á margt að bjóða. Hér má t.d. skoða 16. aldar virkisvegginn sem umlykur gamla bæinn, hina tignarlegu kirkju og turn heilags Ólafs og Kadriorg höllina með sínum stórfenglega blómagarði sem Pétur mikli lét útbúa fyrir



eiginkonu sína Katrínu árið 1718. Fara má upp á Dómkirkjuhæðina (Toompea) sem skartar mörgum af fallegustu byggingum borgarinnar en þaðan er einnig langbesta útsýnið yfir borgina og langt út á haf. Einnig er hægt að nýta tímann til að kíkja á veitinga- og kaffihús, líta inn til kaupmanna eða einfaldlega slaka á og njóta þess sem fyrir augu ber. Fyrir þá sem hafa áhuga á að kíkja á söfn þá er ómissandi að skoða KUMA listasafnið.

Hótelið



Gist verður á 4* hótelinu Park Inn by Radisson Meriton Conference & Spa Hotel Tallinn sem staðsett er nálægt elsta hluta miðbæjarins og 1 km frá höfninni. Fjöldi verslana og veitingastaða er í næsta nágrenni. Hótelið er mjög nýtskulegt og innréttað í sterkum litum. Öll herbergin eru með baði/sturtu, hárpurrku, míníbar og sjónvarpi með gervihnattastöðvum. Á hótelinu er gufubað og nuddpottur, sem hægt er að bóka aðgang að gegn gjaldi.

Flugið

Flogið verður með Icelandair til Helsinki þann 6. september. Brottför frá Keflavík kl. 7:30 en mæting í Leifstöð í síðasta lagi 2 klst. fyrir brottför. Lending í Helsinki kl. 13:50 að staðartíma. Eftir stutta skoðunarferð um miðborg Helsinki tekur við tveggja tíma sigling yfir til Tallinn, áætlaður komutími þar um kl. 21:30. Á heimferðardegi þann 10. september er einnig byrjað á ferjuferð til baka kl. 10:30, komið til Helsinki um 12:30 en flug heim kl. 15:35 og lent í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma



Verð

134.900 kr. á mann í tvíbýli | 32.300 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Þátttökugjald í hlaupið - skráning fer fram hjá Bændaferðum.

Með bókun í ferðina öðlast farþegar rétt á öruggri skráningu í Tallin maraþonið, athugið að þátttökugjaldið er ekki innifalið pakkanum.

Maraðon 10.400 kr. | Hálfmaraþon 7.600 kr. | 10 km hlaup 4.300 kr.

Innifalið

- ✓ Flug með Ícelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferjuferð fram og til baka milli Helsinki og Tallinn
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður.
- ✓ Kvöldverður að loknu hlaupi.
- ✓ Ferðir til og frá flugvelli að höfn og skoðunarferð um Helsinki.
- ✓ Ferðir til og frá höfn í Tallinn.
- ✓ Íslensk fararstjórn.
- ✓ Undirbúningsfundur með farastjóra.

Ekki innifalið

- ✓ Þátttökugjöld í hlaupið.
- ✓ Hádegis- og kvöldverðir (nema kvöldverður að loknu hlaupi).
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.

Innifalið í þátttökugjaldinu

- ✓ Tímaflaga fyrir hlaupið.
- ✓ Hlaupanúmer með nafni þínu og þjóðfána (42,2 og 21,1 km).
- ✓ Rafrænt viðurkenningarskjal.
- ✓ Verðlaunapeningur.
- ✓ Hlaupabolur fyrir þá sem hlaupa maraþon (ekki hálf maraþon og 10 km).
- ✓ Þjónusta við drykkjarstöðvar.
- ✓ Farangursgeymsla og þvottaþjónusta.
- ✓ Skyndihjálp á leiðinni ef þörf er á.
- ✓ Akstur að marki fyrir þá sem ekki hlaupa alla leið.

